

Nd.

112. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar íslenskar afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

- A. Með 100% stimplast reikningar yfir spil (playing cards).
- B. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Fatnaður úr silki, nema sokkar. Karlmannafatnaður búinn með silki eða skinni.
- C. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Albúm. Hanzkar úr skinni og silki. Skinntöskur, skinnveski, skinnbelti. Fatnaður úr skinni, öðru en loðskinni.
- D. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Umbúðakassar, unnir og hálfunnir. Botnvörpuhlerar og tilheyrandi. Blakkir. Sigurnaglar. Bracket. Reykrör. Túrbínupípur, túrbínur allt að 100 hestafla. Jarðstrengjamúffur fyrir rafkabala. Öryggisdósir. Stauraskór. Kolaausur. Kröfsur. Strekkítengur. Þverslár á simastaura. Lausasmíðjur. Decimalvogir. Toppplötur á simastaura. Brunahanar. Brunnkarmar í holræsi og vatnsveitur. Hestrekur. Húsalistar, borðskápar og hillur í hús og annað smíði til húsa. Húsagrindur. Húsahlutar, hálf- eða altílbúnir. Blikkdósir, lóðaðar og smelltar. Gerduft. Strigaskór með gúmmisólum. Pappakassar, -öskjur, -hylki, -bakkar og pappírspokar. Pappir innbundinn og heftur, hverskonar áprentuð eyðublöð, áprentuð bréfsefni og umslög. Bréfsefni og umslög í öskjum. Prentaðir merkimiðar. Bundnar bækur, prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Band af ísl. bókum, sem eru innbundnar erlendis.
- E. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Kaðlar. Færi og fiskilínur. Öngultaumar. Þorskanet. Lóðabelgir. Segl og presenningar. Baðlyf. Óbundnar bækur, sem eru prentaðar eða ljósprentaðar erlendis fyrir ísl. útgefendur. Þó er fjármálaráðherra heimilt að undanskilja frá verðtolti fræðirit ljósprentuð erlendis og þær bækur, sem samið hefir verið um ljósprentun á erlendis fyrir árslok 1934.
- F. Með 5% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Málning, oliurifin málning. Kittí. Perriolia. Lakkfernís.
- G. Verðtollsrjáls: Hringjur. Ístöð. Beizliss tengur. Beizlismél. Beizliskeðjur.

Taumlásar. Strigaborðar og strigagjarðir. Harpix. Penslar til málaraiðnar. Flóki. Hnappar. Krókar. Smellur. Spennur. Kóssar. Vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendar framleiðslu.

Þar sem verðtollurinn er hærri eftir þessum lögum, er tollurinn eftir eldri verðtollslögum innifalinn í honum, en þar sem verðtollurinn er lægri, er tollurinn eins og segir í þessum lögum.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullu- aðarúrskurð.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður verðtoll af útlendum vörum samskonar og þeim, sem framleiddar eru innanlands, ef verðlag á innlendu vörunni reynist, við rannsókn, er ráðherra lætur framkvæma á innlendu vörunni, hærra en honum þykir sanngjarnt í samanburði við verð á samskonar vöru innfluttri frá útlöndum, án verðtolls.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928, um sýning innkaupsreikninga, og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda til ársloka 1936.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, en sent fjárhagsnefnd frá fjármálaráðuneytinu. Nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frumvarpsins. Frv. fylgdi svofelld greinargerð frá skipulagsnefnd:

„Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktun þess efnis, að „skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka tollakjör innlands iðnaðar og þeirra iðngreina, sem líklegt er, að gætu þrífzt hér á landi, og leggja fyrir næsta þing tillögur um breytingar og viðauka á gildandi tollalöggjöf, sem nauðsynlegar eru til að tryggja landsmönnum sem mesta atvinnu. Kostnaður, sem verður af rannsókn þessari og undirbúningi frumvarpa, greiðist úr ríkissjóði“.

Hæstv. fjármálaráðherra fól skipulagsnefnd atvinnumála að fjalla um þetta

mál, og hefir hún samið frumvarp þetta og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörotoll, með nokkurri aðstoð frá fjármálaráðuneytinu. Verður í greinargerð þessari rætt um bæði þessi frumvörp samhliða.

Mikil þörf hefði verið á því að koma tollalöggjöf vorri í eina heild, því að nú háttar svo um hana, að hún er á við og dreif í mörgum lögum, og mjög óaðgengilegt fyrir alþjóð að átta sig á ákvæðum þeirra. En skipulagsnefndin hefir ekki talið sér fært að gera það að þessu sinni, fyrir tvennar sakir. Fyrst og fremst þyrfti að endurskoða alla tollalöggjöfina um leið og henni væri komið fyrir í einum lagabálki, en til þess hefir ekki unnizt tími frá því að nefndinni var falið þetta mál, og annarsvegar þykir hlýða, að nokkur reynsla fáist um það, hver áhrif þær breytingar, sem stefnt er að með þessum tveimur frumvörpum, hafi á iðnaðarlífið í landinu, áður en þessi endurskoðaði tollagabálfur yrði saminn. Hefir því nefndin tekið þann kostinn að hætta enn við þann lagafjölda, sem fyrir er um þessi efni. Þó eru breytingartillögur hennar á vörotolli felldar inn í vörotollslögin.

Það hefir frá öndverðu verið ljóst, að verk það, sem mælt var fyrir um í ofangreindri þingsályktun, var engan veginn létt. Aðstaða innlands iðnaðar er eigi sambærileg við aðstöðu stærri iðnaðarlanda, sem rik eru af iðnaðarreynslu, fjármagni og hráefnum. Er því á engan hátt víst, að unnt sé að tryggja framtíð iðnaðarins, þótt tollalöggjöfin væri sérstaklega við það miðuð að greiða hans götu. Þá er og hins að gæta, að slíkar tollbreytingar verði sem minnst valdandi um aukna dýrtíð í landinu eða til óhagræðis fyrir annan atvinnurekstur.

Í fljótu bragði mætti svo virðast, sem þessar andstæður, er síðast var drepíð á, yrðu vart samræmdar. Það má virðast ógerlegt að sameina það tvennt, að tollvernda iðnað og halda þó niðri verði iðnaðarvarningsins. En þó er leitast við að benda á leið til þess í 2. gr. frumvarpsins um verðtollinn, og hvílir þá að sjálfsgöðu mest á því, hvernig fjármálaráðuneytið notar sér þá heimild, er þar er veitt. En að þessu efni verður sérstaklega horfið síðar í greinargerð þessari.

Eins og getið hefir verið um, var tíminn, sem nefndin hafði til umráða til þess að vinna það verk, sem þingsályktunin tilgreinir, svo stuttur, að ekki verður lítið á þessar tillögur, sem í frumvörpunum felast, öðruvísi en sem upphaf þeirrar ráðstafana, er löggjafarvaldið sennilega geri til þess að lyfta undir iðnaðinn. Að vísu hafði nefndin, áður en þingsályktunin kom til sögunnar, safnað að sér ýmsum plöggum og skýrslum, er snertu þetta mál, en hafði eigi unnizt tími til þess að vinna úr þeim til nokkurrar hlítar. En hún sneri sér í ársbyrjun til fulltrúa iðnaðargreinanna í Rvík og Landssambands iðnaðarmanna og til formanns Iðnrekendafélagsins, og sendu þessir menn nefndinni síðan erindi um flestar þær greinir iðnaðar og iðju, er mest kveður að. Hefir nefndin leitast við að taka til greina þær hendingar og óskir, er frá þessum aðilum komu, eftir því sem hún hefir frekast séð sér fært. Ennfremur hefir hliðsjón verið höfð af þeim erindum frá einstökum mönnum og félögum, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar á síðasta þingi.

Eins og skiljanlegt er, eru tvær leiðir einkum hugsanlegar til þess að breyta tollakjörum til hagræðis iðnaðinum. Önnur er sú, að draga sem mest úr tollum á hráefnum og vélum, hin er að tolla aðfluttan varning, er innlendur iðnaður getur

lúíð til. Báðar þessar leiðir hafa verið notaðar í frumvörpum þessum, en þó meir hin síðari. Nú skal þess að visu getið, að nefndin lítur svo á, að verndartollar séu yfirleitt viðsjárverð ráðstöfun, en hinsvegar er illgerlegt fyrir lítið land að komast hjá að grípa til þeirra, er svo að segja hvert land, er skipt er við, hefir sett þá á. Og við þær tollhækkunar, sem nefndin mælir með í frumvörpunum, hefir þess verið sérstaklega gætt, að vinnan væri mjög verulegur hluti af andvirði vörummar.

Hér fer á eftir skrá yfir vörur þær, sem breytt er tolli á samkvæmt frumvörpunum. Í fremsta dálki er nafn vörutegundarinnar; í öðrum dálki andvirði hennar samkvæmt síðustu prentuðum innflutningsskýrslum (1932); í þriðja dálki magn samkvæmt sömu skýrslum, og er það því aðeins tilgreint, að breyting sé gerð á vörutollinum; í fjórða dálki, sem er tvískiptur, er greint frá prósentutölu verðtollsbreytingarinnar og breytingunum á vörutollinum í aurum á kg.; í fimmta dálki er greint frá hækkunum eða lækkunum þeim, sem verðtollsbreytingin mundi valda á sömu verðupphæð innflutnings, sem greint er frá í öðrum dálki; í sjötta dálki er á sama hátt gerð grein fyrir hækkunum og lækkunum á vörutollinum.

En þótt tilgreindar séu allmiklar hækkunar á tollupphæðum, sem samsvara tollbreytingunum og því innflutningsverði, sem miðað er við, þá er vitanlega ekki að því stefnt, að þessar upphæðir renni nema að litlu leyti í rikissjóð. Hér fer allt eftir því, hve ötular iðngreinirnar eru við það að notfæra sér þá hjálp, sem hér er til þess veitt, að þær geti setið fyrir á markaðinum innanlands. Fyrir þessar sakir er heldur ekki unnt að gera nákvæma áætlun um, hver áhrif þessar breytingar hafa á tekjur landssjóðs. En ætla má, að þær verði ekki verulegar, því að þótt innflutningur á tilbúnum iðnaðarvörum minnki fyrir aðgerðir innlands iðnaðar, þá er tollurinn hærri af því, sem inn er flutt, og auk þess aukast landssjóði tekjur af sköttum þeim, sem hin innlenda starfsemi mundi greiða.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting		Verðtollur		Vörutollur	
			Verðtoll %	Vörutoll aurum á kg	Hækkun kr.	Lækkun kr.	Hækkun kr.	Lækkun kr.
Pappakassar, öskjur, hylki, bakkar	68000		0 · 15		10200 ¹			
Bókbandspappir				6 · 2				
Bókandspappi				6 · 2				
Pappirspokar	54000		0 · 15		7100			
Pappir innbundinn og heftur	68000		0 · 15	0 · 2	5000 ¹			
Hverskonar áprentuð eyðublöð			0 · 15	0 · 2				
Áprentuð bréfsefni og umslög			0 · 15	0 · 2				
Bréfsefni og umslög í öskjum	8000 ¹		0 · 15	0 · 2	1200			
Albúm			15 · 30					
Prentaðir merkimiðar			0 · 15	0 · 2				
Bækur prentaðar og ljósprentaðar								

1 Áætlað.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting		Verðtollur		Vörutollur	
			Verðtoll %	Vörutoll aura á kg	Hækkun kr.	Lækkun kr.	Hækkun kr.	Lækkun kr.
erlendis fyrir íslenska útgefendur, óbundnar			0	10	0	2		
Bundnar			0	15	0	2		
Band af ísl. bókum innbundnum erlendis				0	15			
Spil	17720		50	100			8860	
Baðlyf	49000	39500	0	10	0	2	4900	790
Löguð málning	190600			0	5		9530	
Oliurifin málning	50000 ¹			0	5		2500	
Kitti	8700			0	5		435	
Perriolla	5200			0	5		260	
Lakkfernis	43700			0	5		2185	
Purrir litir til máln., nema menja						6	2	
Jarðlitir til málningar	13500	19700				6	2	788
Harpix	1422		15	0			213	
Tréolla						6	2	
Penslar til málaraiðnar	11400		15	0			1710	
Hringjur, ístöð, heizlisstengur	2946		15	0			440	
Taumlásar			15	0				
Beizlismél og beizliskeðjur			15	0				
Strigaborðar og gjarðir	1000		15	0			150	
Hanzkar úr skinni og silki	8000		15	30 ¹			1200	
Skinntöskur og skinnveski	7008		15	30			1050	
Skinnbelti	2800		15	30			420	
Umbúðakassar og hálfunnir kassar	16000		0	15			2400	
Botnvörpuhlerar	11850		0	15			1780	
Blakkir, sigurnaglar, bræket, reyk- rör, túrbínupípur, túrbínur (allt að 100 hestafla), jarðstrengjamúff- ur (fyrir rafkabala), öryggisdósir (fyrir rafl. í hús), stauraskór, kola- ausur, kröfsur, strekkítengur, þver- slár á símastaura, lausasmíðjur, decimalvogir, toppplötur á síma- staura, brunnkarmar (í holræsi og vatnsveitur), hestrekur				0	15			
Flóki	7000		15	0			105	
Strigaskór með gúmmisólum			0	15				
Hnappar	38000		15	0			5700	
Krókar			15	0				
Smellur			15	0				
Spennur			15	0				
Kóssar			15	0				

1 Áætlað.

Vörutegund:	Verð kr.	Magn kg	Tollbreyting		Verðtollur		Vörutollur	
			Verðtoll 0 - 0	Vörutoll aura á kg	Hækkun kr.	Lækkun kr.	Hækkun kr.	Lækkun kr.
Húsalistar, borð, skápar og hillur í hús og annað smíði til húsa	22500		0 - 15		1500 ¹			
Húsagrindur, húsa hlutar, hálf- eða altílbúnir			0 - 15					
Kaðlar	75700		0 - 10		7570			
Færi og fiskilinur	697000		0 - 10		69700			
Öngultaumar	190000		0 - 10		19000			
Porskanet	50000 ¹		0 - 10		5000			
Lóðabelgír	17000		0 - 10		1700			
Fatnaður úr silki, nema sokkar ...	78000		30 - 50		15600			
Karlmanna fatnaður búinn með silki eða skinni			15 - 50					
Fatnaður úr skinni (ekki lóðskinni)			15 - 30		300			
Blikkdósir lóðaðar og smeltar	42300		0 - 15		6355			
Segl og presenningar	13200		0 - 10		1320			
Ullarband	129000		15 - 10			6485		
Gerduft	17900		0 - 15		2685			
Vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlands iðnaðar	490000 ¹		15 - 0	6 - 2 ²		73500		

Eins og skráin ber með sér, eru þær vörur settar saman, sem skyldastar eru að notkun, eða sama iðngreinin notar eða framleiðir. Verðupphæðir innflutningsins vantar allvíða, og stafar það af því, að enginn kostur var þess að afla sér upplýsinga um þær allar. Innflutningsskýrslur hagstofunnar eru teknar saman í stórum flokkum, og taldi hagstofustjórinn ekki unnt að ná þessum upphæðum öllum sérstökum, enda þótt farið væri í gegnum öll frumskjöl hagstofunnar, því á þeim væri skyldur varningur ekki sundurgreindur á sama hátt og hér þyrfti að gera. Auk þess eru þessi frumgögn ekki lengur til fyrir þetta ár, sem hér er miðað við.

Hér fer á eftir nokkur greinargerð fyrir einstökum breytingum og þeim iðngreinum, er þær einkum snerta.

Bókbandsiðn og prentiðn. Bókbandsiðnin hefir átt í vök að verjast að því leyti, að hún hefir orðið að greiða tolla af öllum þeim efnum, sem til hennar þarf, en innflutt erlend bókbandsvinna hefir verið að mestu tollfrjáls. Tilbúin bókabindi eru eina unna varan, sem tolluð hefir verið. Geti má þess t. d., að vörutollur á pappa í pappakassa hefir verið 6 aurar pr. kg., en vörutollur af pappakössum tilbúnum hefir verið 2 aurar pr. kg. Nú háttar svo um bókbandsvarning, að verð hans er að mjög miklu leyti falið í vinnu, og er því mjög æskilegt að gera þetta eins mikið innlent og frekast er unnt. Þeim tilgangi verður ekki náð með því að afnema vörutollinn af efninu, sem unnið er úr, en hækk-

1 Aætlað. 2 Af því, sem er fram yfir 1000 kg.

unin á verðtoll af tillúinni vöru ætti hér að bæta mikið úr. Meðal annars er hér settur tollur á band af íslenskum bókum, sem sendar eru erlendis til bands. Þykja slíkar sendingar næsta ósanngjarnar gagnvart innlendri iðni, þar sem bandið á slíkum bókum er síðan flutt tollfrjálst inn í landið. Hinsvegar þykir ekki sanngjarnt að verða við þeim tilmælum bókbindara að tolla allt band á erlendum bókum.

Um breytingarnar, sem einkum snerta prentiðnina, er það að segja, að þar er einnig leitast við að halda vinnu, sem auðvelt er að leysa af hendi, innanlands. Mestu máli skiptir þar sennilega um það, að gera örðugra fyrir um að senda bækur héðan til prentunar erlendis. Þess má geta, að um tuttugu bækur hafa verið sendar héðan til ljósprentunar erlendis síðustu fjögur árin. Upplýsingar um upplagastærð bóka þessara eru ekki fyrir hendi, en mikil vinna hefir á þennan hátt farið út úr landinu. Rétt þykir þó að gefa stjórninni heimild til þess að undanskilja frá verðtoll sérstakar fræðibækur, sem nauðsyn þykir hera til að fá ljósprentaðar erlendis, og þær bækur, sem þegar er samið um slíka prentun á. Verðtollurinn er í frv. gerður mismunandi, eftir því hvort bækurnar eru jafnframt bundnar erlendis.

Þeirri kröfu útgefenda og prentara að setja verðtoll á erlendar bækur, tímarit og blöð, hefir ekki þótt fært að sinna. Slíkur skattur á erlend menningaráhrif yrði naumast talinn verjandi. Að visu er það svo, að hingað flyzt mikið af erlendu prentuðu máli, sem ekki væri eftirsjón í, þótt takmarkaðist nokkuð eða greiddur væri tollur af, en hér er erfitt að greina milli verðmætis og ónýtis og naumast finnanleg leið til aðgreiningar í tollalöggjöf.

Í nokkru sambandi við pappirs- og pappavörur, sem að ofan getur, eru **spil** sett næst á skrána. Að visu eru ekki mikil líkindi til þess talin, að mikið verði að því gert að búa hér til spil, en hinsvegar er óþarflega lágur tollur á þeim, ef miðað er við það, sem annarsstaðar tíðkast. Spil eru hér ódýrari en víðast hvar í nágrannalöndum, en ætla má, að ekki verði fundinn sanngjarnari skattstofn. Er því til ætlazt, að verðtollur af spilum hækki um helming.

Baðlyf eru tolluð með það sérstaklega fyrir augum, að væntanleg rannsóknarstofnun fyrir atvinnuvegina taki að sér tilbúning þeirra.

Málning. Svo er til stofnað, að komið verði á fót í Reykjavík verksmiðju til þess að framleiða málningarvörur, og er svo til ætlazt, að verð, sem nú er greitt erlendis fyrir málningarvörur landsmanna, minnki mjög verulega. Er því stefnt að því í frumvörpunum að lækka toll á hráefnunum, en setja 5% verðtoll á þær tilbúna innfluttar málningarvörur, er hér yrði hægt að framleiða.

Söðlasmiði. Í frumvarpinu um verðtoll er lagt til, að verðtollur falli niður af ýmsum smáhlutum, er söðlasmiðum eru nauðsynlegir við starf sitt. Telja söðlasmiðir þessa hluti ekki verða til búna hér á landi, og járnsmiðir — en þeir koma einkum til greina í þessu sambandi — telja lítil líkindi til þess, að iðnaðarmenn hér taki að fást við smiði á ístöðum, heizlisstöngum, taumlásum o. s. frv.

Hanzkagerð o. fl. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með hanzkagerð erlendis, hafa hingað til verið frekar magnlíttlar. Er því meðal annars um kennt, að íslensk skinn, sem þykja sérstaklega hentug til hanzkagerðar, hafa verið ófáanleg sítuð. Nú er til þess stofnað, að sítun í stærri stíl verði hafin snemma á

þessu ári, og er mikils um það vert, að unnt sé að halda uppi innlendri iðnaðar-
notkun skinnanna frá hýrjun. Sá tollur, sem frumvarpið leggur til að lagður
verði á þessar vörur, ætti að tryggja það, að innlendir iðnaður úr innlendu efni
komi sem mest í þeirra stað.

Kassagerð. Um þá iðn hagar svo nú, að greiddur er 9 aura tollur pr. tenings-
fet af timbri, hvort sem það er innflutt eins og það kemur úr skóginum eða það
er fullunnið í hefluðum, plægðum og hálfsmsettum kössum. Og af altílbúnum
kössum er greiddur aðeins tveggja aura vörutollur af kg. Þetta eru ósanngjörn
tollakjör, þegar þess er gætt, að efnið rýrnar mikið við vinnuna. Þykir því sann-
gjarnt, að verðtollur sé greiddur af kössum og hálfunnum kössum. Enda eru
„hálfunnir kassar“ venjulega þannig, að ekki er annað eftir við þá að gera en
reka þá saman með nöglum.

Járnsmiði. Í frumvarpinu um verðtollinn er gert ráð fyrir 15% verðtoll á
ýmsum vörum, sem talið er, að auðvelt sé að framleiða hérlendis. Sumir aðilar,
sem við þessa iðn fást, hafa farið fram á, að þessi tollur næði til allmargra fleiri
vöruhegunda en hér eru teknar, en ekki þótti gerlegt að taka í lögin aðrar vörur
en þær, sem nokkurn veginn þótti sýnt, að þegar yrði tekið að smíða innanlands,
jafnskjótt og þessi vernd fengist. Hinsvegar hefir ekki þótt ráðlegt að verða við
þeim tilmælum iðngreinarinnar að setja toll á viðgerðir ísl. skipa erlendis. Því
enda þótt nú sé talið unnt að framkvæma miklar skipaviðgerðir innanlands, þá
eru mikil líkindi til þess, að það yrði mjög tilfínanlegur baggi á útgerðina, ef
tollaðar væru viðgerðir erlendis. Var þetta mál horið undir Fél. ísl. botnvörpu-
skipaeigenda og Samtryggingu ísl. botnvörpunga, og er umsögn þeirra félaga hirt
sem fylgiskjal með greinargerð þessari. En ekki er ósennilegt, að auka megi inn-
lendar skipaviðgerðir með öðrum ráðstöfunum en þeim að tolla viðgerðir erlendis.

Skógerð. Þessi iðnaðargrein er þegar komin á dálitinn rekspól hérlendis, og
á sér þó meiri framtíð, er kostur verður á sítuðum ísl. skínum. Í verðtollsfrum-
varpinu er gert ráð fyrir samskonar tolli á strigaskóm með gúmmisólum eins
og öðrum strigaskóm. Tollur á nokkrum tegundum af efnivörum til skógerðar
hefir verið lækkaður, svo sem flóki, hnappar, krókar o. s. frv. Lækkunin á striga-
borðum, sem áður hefir verið minnst á, kæmi og þessum iðnaði að gagni. En
ekki hefir virzt unnt að lækka efni t. d. úr gervisilki, hörðúk, baðmullardúkum
o. fl., með því að þessir vöruflokkar eru mjög stórir innflutningsliðir og naum-
ast hægt að greina sundur, hvað fer til iðnaðar af þessu.

Húsasmíði. Um toll á efnunum, er þessa iðngrein varðar sérstaklega, hagar nú
svo, að allur trjáviður er tollaður á sama hátt (9 aurar á ten.fet), en af smíðuð-
um trjávið til húsa, sem tollaður er meira en óunnið tré, eru aðeins gluggar og
hurðir með 15%. En með því að tré rýrnar, eins og drepið hefir verið á í öðru
sambandi, mjög við smíði (10—30%), þá er í raun og veru hærri tollur á óunna
efninu en á ýmsum unnum vörum, er inn flytjast. Þykir því rétt að setja 15%
verðtoll á þær vöruhegundir, er hér skipta mestu máli.

Veifaræri. Þessi iðngrein — færa-, öngultauma- og fiskilinugerð og þorska-
netagerð — á mjög í vök að verjast frá hálfu þeirra þjóða, sem orð leikur á,
að hafi haft það til að selja hér vörur töluvert undir verði í þeirra eigin heima-
landi, eftir að tekið var að fást við þessa iðn hérlendis nú síðustu árin. Verður

ekki séð, að tilgangurinn sé annar en að taka fyrir iðnina þegar í byrjun, en þess er naumast að vænta, að hið lægra verð haldist eftir að innlenda starfsemin hefir undir lok liðið. Er því gert ráð fyrir, að settur verði 10% verðtollur á þessar vörur, í því trausti, að ákvæði 2. gr. verðtollsfrumvarpsins verði notuð á þann hátt, að um verðhækkun fyrir útgerðina verði ekki að ræða.

Lóðabelgir. Þessi iðngrein fer vaxandi og mun þegar hafa náð um $\frac{1}{3}$ af innlendum markaði. En tollakjörin eru með þeim hætti, að nú er 2 aura vörutollur á kg. á lóðabelgjum, en efni í lóðahelgi er tollað frá 2 aurum og allt að 18 aurum á kg. 10% verðtollur virðist ekki ósanngjarn til stuðnings þessari iðn.

Fatnaður. Tollur á silki er nú 30%, og er sami tollur á tilbúnum fatnaði úr því efni. Fatnaður, sem að nokkru leyti er úr silki og skinnum — svo sem kápur fódraðar með silki og með skinnkraga —, er tollaður með 15%, en klæðskerar verða að greiða 30% toll af silkinu og 50% toll af loðskinnum, ef þeir eiga að sauma þetta hér. Er því ætlað til, að hækkaður verði tollur á þessum varningi. Eins gerir frumvarpið ráð fyrir hækkun á fatnaði úr skinni (ekki loðskinni), með það einkum fyrir augum að ýta undir, að notuð verði isl. skinn eins og frekast er unnt. Tilmælum klæðskera um að fella niður toll á öllum þeim vörum, er þeir þurfa að flytja inn til iðnar sinnar, hefir ekki þótt gerlegt að sinna, vegna þeirrar framleiðslu á ullardúkum, sem þegar er fyrir í landinu.

Blikkdósir. Blikksmiðjuíðnaður fer vaxandi, meðal annars af því, að Alþingi hefir afnumið toll af hráefnum til tunnugerðar, en iðnaðarmenn þeirrar greinar fara sérstaklega fram á, að verkstæðum þeim, sem þegar hafa byrjað framleiðslu á smelltum niðursuðudósum, sé gert hægara fyrir um samkeppni við erlendar verksmiðjur en nú er, því að nú er greiddur sami tollur af unnum dósum og óunnu efni. Þykir sanngjarnt, að 15% verðtollur sé settur á innfluttar dósir.

Segl og pesenningar. Eðlilegt þykir, að unnið sé að því með tollalögum, að vinna við þennan varning verði sem mest innlend. Þykir sýnt, að ekki þurfi nema herzlumuninn til þess að þessi vinna verði með öllu innlend, og ætti 10% verðtollur að tryggja það. Seglasaumarar njóta og þess, er létt er tolli á allskonar smávarningi, er þeir nota og áður hefir verið drepit á.

Ullarband þykir sjálfsgagt að lækka nokkuð tollinn af. Þrjónaverkstæði komast ekki hjá að nota mikið útlent ullarband, ef þau eiga að geta haldið uppi samkeppni við erlendar þrjónavörur. En hinsvegar þykir ekki rétt að lækka tollinn meira en um 5%, svo að aðhaldið verði nokkuð til þess að nota isl. ullarband eins og unnt er.

Gerduft. Af „efnagerðarvörum“ þykir ástæða til þess að setja toll á gerduft, til þess að tryggja markaðinn fyrir innlenda framleiðslu. Annars er svo um hráefni ýmiskonar, er efnagerðir nota, að þau eru tolluð allhátt, en hinsvegar hefir verið veitt undanþága frá tollinum samkvæmt lögum, og þykir því ekki ástæða til að breyta ákvæðum laganna fyrr en tollalöggjöfin í heild sinni yrði endurskoðuð, svo sem drepit hefir verið á í upphafi þessa máls.

Vélar til iðnaðar. Ein sjálfsgaðasta ráðstöfun til stuðnings iðnaðinum í heild sinni er, að sem léttastur tollur hvíli á vélum til starfrækslunnar. Nú eru flestar vélar til iðnaðar tollaðar með 15% verðtoll og vörutoll, er nemur 6 aur á kg.

Úr þessu hefir verið bætt á þann hátt hin síðari árin, að fjármálaráðuneytið hefir samkvæmt heimild í lögum veitt undanþágu frá verðtollinum. Upphæð lækkunar verðtollsins í skránni hér að framan er því ekki raunveruleg lækkun, heldur táknar einungis það, sem greiða hefði orðið, ef undanþágur hefðu ekki verið veittar. En réttara virðist að nema þennan verðtoll á iðnaðarvélum með öllu úr lögum. Eins virðist sanngjarnt að lækka vörutollinn nokkuð á þyngstu iðnaðarvélum. Er því til þess ætlazt í frumvarpinu, að hann verði óbreyttur frá því, sem nú er (6 aurar pr. kg.), fyrir fyrstu 1000 kg., en af meiri þunga einstakrar vélar greiðist 2 aurar pr. kg.

Rétt þykir að geta þess, að nokkur erindi hafa legið fyrir frá mönnum, sem hug hafa haft á því að koma upp nýjum iðnaðarfyrirtækjum og farið þess á leit, að tollur væri lækkaður á efnivörum til iðnaðarins, en þótt ástæða hefði virzt til að verða við þessum tilmælum, þá hefir þess ekki verið neinn kostur að aðgreina þessar vörur frá stórum flokkum innflutningsvarnings, sem ekki virtist ástæða til þess að gera með öllu tollfrjálsan. Má þar til nefna léreft og hörðúka í skýrtur og gervisilki í nærfatnað, og allmargar fleiri tegundir af varningi.

Þá má geta þess, að allmikið af tilmælum frá einstökum iðngreinum hefir ekki verið unnt að taka til greina sökum þess, að nefndin hefir litið svo á, að ekki væri ástæða til þess að lækka hráefni eða aðrar efnavörur til iðnaðar, ef ekki gat verið um neina samkeppni að ræða erlendis frá. Að vísu geta slíkar tollalækkanir aukið að einhverju leyti gengi hlutaðeigandi iðngreina, og ef til vill fært verð varningsins niður í landinu, en jafnframt hefði í þessu verið fólgin tekjurýrnum fyrir ríkissjóð, sem hann ekki má við.

Í sambandi við síðastnefnt atriði má ennfremur geta þess, að nefndin hefir ekki séð sér fært að verða við tilmælum frá Skipa- og bátasmiðafélagi Reykjavíkur um að leggja fyrir þingið tillögur, er að því miðuðu, að atvinnugrein þessi öðlaðist stuðning á tollakjörum á líkan hátt og húsgagnasmiðin nú nýtur. Svo æskilegt sem það er, að skipa- og hátasmiði verði alinnlend, þá mundi há tollvernd í þessum efnum verða útgerðinni sá baggi, sem ekki væri hægt að ætlazt til að hún bæri. En rétt þykir, að Alþingi gefist kostur á að kynnast erindi ofanefnds félags, og þá jafnframt umsógn frá forseta Fiskifélags Íslands um innihald þess. Er því hvorttveggja birt sem fylgiskjöl með greinargerð þessari.

Eins og frumvörpin bera með sér, hefir ekki verið unnt að hafa nema litla hlíðsjón af nýjum iðngreinum, „sem líklegt er að gætu þrífizt hér á landi“. Skipulagsnefndin hefir nú með höndum rannsókn á nokkrum slíkum greinum, en þær rannsóknir eru of skammt á veg komnar enn til þess að réttlætandi virðist að breyta tollalögum þeirra vegna. Og eins og þingsályktunin ber með sér, var svo til ætlazt, að breytingartillögur kæmu fram nú þegar á yfirstandandi þingi. Í frv. hefir því hlíðsjónin aðallega verið höfð af þeim iðngreinum, sem nokkur reynsla er þegar fyrir um, að hér geti þrífizt.

Tilgangurinn með frumvörpum þeim, sem hér eru lögð fram, er sá, fyrst og fremst, að leitast við að láta tollbreytingar stuðla að því, að atvinna aukist í landinu og að hér verði unnið að þeim iðnaði, sem landsmenn geta, aðstöðu sinnar vegna, fengizt við. En þessi aukning á iðnaði landsmanna væri mjög tvísynn gróði, ef greiða yrði fyrir hinn tilbúna varning töluvert meira fé en hann

fengist fyrir frá útlöndum. Með því væri nokkur hluti landsmanna að greiða öðrum hluta landsmanna gjald fram yfir það, sem hinir siðarnefndu hefðu raunverulega framleitt, ef miðað væri við verð á heimsmarkaðinum. Og með því að mestur hlutinn af hráefnum til iðnaðar vors er aðfenginn, væri hér verið að taka úr vasa eins og láta í vasa annars án þess að landsmenn sem heild yrðu að rikari. Að visu má segja, að sú iðnaðarvinna, sem hér færi fram, sparaði ávallt nokkurn erlendan gjaldeyri og yki á þann hátt þjóðarauðinn, enda þótt meira væri goldið fyrir hana en hún kostaði annarsstaðar. En hinsvegar gætu hækkaðar iðnaðarvörur dregið svo úr framleiðslu þeirra vörutegunda, er erlendur gjaldeyrir fæst nú fyrir, að þessi gróði yrði að engu.

Af þessu er auðsætt, að leitast verður á alla lund við að sporna við því, að iðnaðarvörurnar þurfi að hækka, enda þótt stuðlað sé að því, að innlendur iðnaður sitji fyrir á markaðinum. Í annari grein frv. um verðtollinn er svo ráð fyrir gert, að fjármálaráðherra hafi heimild til þess að afnema verðtollinn, ef innlendir iðnrekendur ætli sér að setja óhæfilegt verð á framleiðslu sína í skjóli hans. Af upplýsingum þeim, sem liggja fyrir um iðnaðarfyrirtæki landsmanna, má ætla, að flest þeirra geti dafnað vel, ef þau aðeins fái tækifæri til þess að notfæra sér markaðinn. Hafi löggjafinn stuðlað að því, að þetta megi takast, hefir hann gert það, sem af honum verður heimtað. Og iðnrekendur, sem tryggður er markaður, hafa ekki sanngjarna ástæðu til þess að kvarta yfir því, þótt tollinum sé létt af, ef þeir eru ekki færir um að framleiða vöru sína með sambærilegu verði við það, er hún fæst fyrir frá útlöndum.

Nokkuð hefir verið um það rætt í nefndinni, að ef til vill væri ástæða til þess að setja ákvæði um það í verðtollsfrumvarpið, að fjármálaráðherra væri gefin heimild til þess að setja ákveðið hundraðsgjald af verði á innflutta vöru, ef sýnt þætti, að hún væri seld hér á markaði við lægra verði en hún væri seld fyrir í framleiðslulandinu („dumping“) og ástæða væri til þess að ætla, að þessari verðlækkun væri komið á í því skyni að kæfa innlandan iðnað. En þótt ekki séu hér bornar fram ákveðnar tillögur um þetta efni í frumvarpinu, þykir rétt, að athygli þingsins sé leidd að þessu atriði til ihugunar“.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSL. BOTNVÖRPUKIPAEIGENDA

Reykjavík, 12. febrúar 1935.

Skipulagsnefnd atvinnumála, Reykjavík.

Vér höfum fengið í hendur heiðrað hréf yðar, dags. 8. þ. m., þar sem leitað er umsagnar vorrar um tillögur af hálfu skipaviðgerðarstöðva og fulltrúa iðnaðarmanna, þess efnis, að settur verði tollur á viðgerðir islenzkra skipa erlendis, er nemi 20% af reikningsupphæðinni.

Viðgerðir á islenzkum skipum erlendis verða að teljast óhjákvæmilegar oft og einatt, af eftirfarandi ástæðum.

1. Skipin fá oft tjón i hafi á leið til útlanda, sem vegna öryggis skips og manna verður að ljúka viðgerð á i erlendri höfn, strax og því verður komið við.
2. Skipin þurfa oft að fá endurnýjaðar vélar (t. d. vindur) og hluti i vélar og skrokk, sem ekki er hægt að fá smíðað hér á landi, svo kunnugt sé.

Í þessum tilfellum er því beinlínis útilokað, að skipin geti fengið hér viðgerðir.

3. Aðstaðan til að draga skip á land hér er ennþá talsvert takmörkuð, og hefir oftast en einu sinni hitzt svo á, að dráttarbrautir hafa verið uppteknar langan tíma, og skip hafi því orðið að leita til erlendra viðgerðarstaða, til að tefjast ekki frá fiskveiðunum, við það að bíða hér eftir dráttarbraut. Jafnvel þótt viðgerðarkostnaður hér og erlendis væri sambærilegur að verði, væri i slíkum tilfellum framið hið mesta órétti að tolla erlendar viðgerðir.
4. Viðgerðarkostnaður á skipum hefir til þessa verið álitinn til muna ódýrari erlendis en hér. Á síðustu árum hefir að visu batnað um vinnuaðstöðu hér yfirleitt við skipaviðgerðir, en á því leikur enn orð, að viðgerðir hér heima fyrir séu dýrari en erlendis, einkum að því er plötuvinnu snertir. Meðan ekki er sýnt og sannað, að islenzk viðgerðarverkstæði séu jafnódýr og erlend verkstæði, eða sambærileg við þau, nær vitaskuld engri átt að leggja þann skatt á útgerðina, sem leiddi af tolli á erlendum viðgerðum skipanna, og verður því af þeirri ástæðu að mótmæla því eindregið, að slíkur tollur verði lagður á, sem stungið hefir verið upp á.

Á hinn bóginn skal það tekið fram, að útgerðarstéttin er því mjög hlynnt, ef hægt er að styrkja iðnaðarfyrirtækin i landinu til að halda velli gagnvart erlendum keppinautum, og teljum vér vera til þess ýmsar leiðir, sem mundu stuðla að því á eðlilegan hátt, að islenzk verkstæði fengju meiri vinnu. Má þar t. d. nefna tollaívilnanir á aðkeyptu efni sem veigamesta atriðið.

Vegna þess að samhljóða bréf hafa borizt frá yður til Félags isl. botnvörpuskipaeigenda og Samtryggingar isl. botnvörpunga, en þessi félög telja, að heita má, sömu meðlimi, höfum vér leyft oss að svara bréfum yðar sameiginlega.

Virðingarfyllst.

Félag isl. botnvörpuskipaeigenda.

(sign.)

Kjartan Thors.

Samtrygging isl. botnvörpunga.

(sign.)

Ásgeir Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

SKIPA- OG BÁTASMIÐAFÉLAG REYKJAVÍKUR Reykjavík.

Vér undirritaðir, sem myndum stjórn Skipa- og bátasmiðafélags Reykjavíkur, höfum meðtekið heiðrað bréf yðar, dags. 15. þ. m., og í tilefni af því kallað saman á fund þá helztu menn hér í bænum, sem við iðngrein vora fást, lögðum þar fram bréf yðar og ræddum þau málefni, sem bréfið fjallar um.

Álit vort og niðurstöður, er fram komu við ihugun þessa máls, birtum vér yður hér með:

Vér tréskipa- og bátasmiðir höfum á undanförunum árum orðið varir þess mikla ósamræmis í tollalöggjöf landsins, sem kom í ljós eftir að núgildandi vöru- og verðtollslög gengu í gildi, að því leyti, sem að atvinnuvegi vorum snýr. Eins og kunnugt er, þá er samkvæmt núgildandi lögum lagður innflutningstollur á allt efni til skipa- og bátasmiða, sumt aðeins vörutollur, og sumt bæði verðtollur og vörutollur, en öll skip með þilfari, sem til landsins flytjast, eru tollfri. Við þessu væri náttúrlega ekkert að segja, ef ekki væri hægt að smíða þessi skip í landinu eða að það væri á einhvern hátt bættulegt eða skaðlegt, en það er öðru nær en svo sé, heldur þvert á móti. Þau tréskip, sem hér á landi eru smíðuð, eru yfirleitt allmiklu betri, sterkari og hæfari í sjó að leggja hér við land heldur en þau aðkeyptu útlendu tréskip, enda er hægt að smíða hér tréskip og báta af öllum þeim stærðum, sem tíðkast hér við land.

Allmargir af þeim útlendu fiskibátum eða fiskiskipum, sem hingað hafa verið keypt ný frá útlöndum upp á síðkastið, hafa verið svo lélega byggð, að þau hafa þurft styrktar og endurbótar hér, strax eftir komu sína hingað, til þess að þau þættu fær í sjó að leggja hér við land. Hefir þetta haft eigi alllitinn kostnaðarauka í för með sér, og eru slíkir fiskibátar þó aldrei jafnsterkir og þeir, sem smíðaðir eru hér á landi. Hefir oss verið sagt, að þessir útlendu fiskibátar, sem smíðaðir hafa verið fyrir Ísland, komist þar undan ströngum sjóferðavottorðs-skilyrðum með því að vera orðnir islenzk eign áður en þeir láta úr erlendri höfn.

Frá sjónarmiði þeirra, sem alla verzlun vilja tollfrjálsa, væri náttúrlega æskilegt, að enginn tollur væri, hvorki á tilbúnum skipum né efni til þeirra, en eins og nú tilhagar hér, er tæplega við slíku að búast, en hitt er álit vort, að slíku ósamræmi í tollalöggjöfinni, sem nefnt er hér að framan og er til stór-skaða fyrir landið og marga íbúa þess, verði létt af hið fyrsta.

Síðan tollalög þau gengu í gildi, sem iðnrekstur vorn varða, hafa skipasmiðastöðvar og skipasmiðir hér ekki verið samkeppnisfær gagnvart útlendum iðnaði í þessari grein, hvorki hvað snertir verð né greiðslufrest — aðeins í gæðum framleiðslunnar. Stafar þetta af því, að kaupgjald er hærra hér en í þeim löndum, sem búa til þau skip, sem seld eru hingað, og í öðru lagi af því, að hér í landinu er engin lánsstofnun, er veita vill lán til skipabygginga, og hafa þær lánsstofnanir, sem hér eru, ekki hingað til viljað lána fé til slíks.

En útlendar skipa- og bátasmiðastöðvar geta, eins og kunnugt er, veitt kaupendunum margra ára gjaldfrest á skipum, er þær selja hingað, af því að láns-

stofnanirnar, sem þær skipta við, gera þeim það mögulegt með löngum og hagkvæmum lánum. Þar af leiðandi hefir nýsmíði islenzkra skipa hér svo að segja lagzt niður. Það er því hætt við, ef þetta ástand heldur áfram, að fáir finni hvöt hjá sér til þess að leggja mikið í sölurnar til að framast í þessari iðn og við hættum að fylgjast með tímanum í þessu efni, þar sem ekkert verður að nýsmíði unnið innanlands, heldur aðeins fengizt við viðhald og viðgerðir skipa og báta.

Í bréfi voru til milliþinganefndar í iðju- og iðnmálum 1932 tókum vér fram margt af því sama, sem vér berum nú fram hér, því það stendur óhaggað enn. Viljum vér nú sýna, hvaða tjón rikissjóðurinn biður við það, að einn 20 smálesta fiskibátur er keyptur tilbúinn inn í landið í staðinn fyrir að smíða hann hér, sem og tjón það, sem þjóðin biður við þetta í heild sinni.

Efni í 20 smálesta bát:	Vöru- tollur Kr. au.	Hafnar- gjöld Kr. au.	Upp- skipun Kr. au.	Samtals Kr. au.
Eik og fura	1150 cbf.	103.50	57.50	115.00
Boltar og annað járn	1000 kg.	20.00	1.50	7.50
Keðjur og akker	1120 —	22.40	1.68	8.60
Spikarar og saumur	200 —	4.00	1.50	3.50
Stálbik	100 —	0.60	0.30	0.70
Tjöruhampur	40 —	2.40	0.12	0.70
Manilla	200 —	12.00	0.30	1.50
Vír	60 —	1.20	0.15	0.70
Málning	100 —	6.00	0.30	1.00
Tjara	25 —	0.15	0.03	0.20
Blakkir	35 —	2.10	0.25	0.70
Ýmsir lausir munir	200 —	12.00	1.50	2.10
Járn í olíu- og vatnskassa ..	250 —	5.00	1.87	1.40
Lamir, lásar og skrúfur	30 —	1.80	0.20	0.70
2 spil	1000 —	20.00	1.50	7.50
Hreyfill, ca.	4500 —	90.00	6.75	33.75
Segldúkur		2.00	0.03	0.20
				566.40
Verðtollur ca.				30.00
Trésmíðavinna, hamþétting og málningarvinna ca.				10000.00
Járnsmiði				1000.00
Vinna við segl og reiða				275.00
Blikksmíðavinna				500.00
Innsetning á gangvél				900.00
Keyrsla				190.00
Farmgjald ca.				2000.00
				Kr. 15461.40

Af ofanrituðu sést, að við hvern aðeins 20 smálesta fiskibát, sem innfluttur er til landsins fullsmíðaður, missir rikissjóður yfir 300 kr. tekjur, hafnarsjóður

og uppskipunarfolk og iðnaðarmenn, er að skipasmiði vinna, um 13 þúsund krónur, og svo loks farmgjöldin, sem ættu að renna til isl. skipaeygenda.

Það virðist vera meir en lítil skammsýni, að láta löggjöfina stuðla beint að því, að svo miklum peningum er veitt út úr landinu, þar sem það líka hefir sýnt sig, að útlendu bátarnir verða lítið ódýrari, þegar tillit er tekið til þeirra viðgerða, sem margir þeirra þurfa strax eftir komu sína hingað. Hér er líka um mikið fé að ræða, þegar aðgætt er, hversu margir fiskibátar hafa verið fluttir inn, svo að beint tekjutap rikissjóðs verður einnig svo um munar.

Þar að auki finnst oss ekki rétt að styðja þannig beinlínis erlendan atvinnuveg, en gera þeim innlenda erfiðara fyrir að sama skapi.

Þess vegna virðist oss nauðsynlegt og réttmætt, að atvinnuvegur vor, skipa- og bátasmiði, öðlist stuðning tolllöggjafarinnar á líkan hátt og húsgagnasmiðin nú þegar nýtur, þar sem 37½% innflutningstollur er nú kominn á innflutt fullsmíðuð húsgögn.

Vér viljum nú leggja til, að lagður verði 20% verðtollur á öll tréskip með þilfari, sem flutt eru til landsins, 60 smálestir að stærð eða minni (brúttó), en 15% á slík skip, sem eru frá 60 til 100 smálestir brúttó.

Ef gangvél er sett í slík skip utanlands, skal verð hennar talið með tollskyldu verði skipsins, enda sé hið tollskylda verð talið það, sem skipið þá sannanlega kostar með öllu tilheyrandi og þar með gangvél, er það lætur úr erlendri höfn til Íslands.

Verðtollur af opnum skipum af öllum stærðum sé hinn sami, sem núgildandi tollalög mæla fyrir um toll af tilbúnum húsgögnum.

Fylgibátar skipa (lífbátar) skulu reiknaðir með tollskyldu verði þeirra, þó séu þeir bátar undanþegnir verðtoll, sem fylgja aðkeyptum skipum, er ekki koma undir þennan verðtoll, og sömuleiðis þeir bátar, sem skip hafa orðið að fá í erlendum höfnum vegna þess að þau hafa misst bát sinn eða háta í hafi. Að öðru leyti haldist núverandi löggjöf hvað snertir óunnið efni tilheyrandi skipa- og bátasmiði, og sömuleiðis tollar á mótorum, sem fluttir eru inn til þess að setja þá í skip eða báta hér.

Eftir voru álitir er það nauðsynlegt að lögfesta þau skilyrði fyrir innflutningi skipa hingað til lands, að þau séu byggð eftir reglum, sem ekki standa að baki reglum „Bureau Veritas“. Hið sama skilyrði ætti að gilda um innfuttar mótórvélar.

Reykjavík, 21. janúar 1935.

Í stjórn Skipa- og bátasmiðafél. Reykjavíkur

Einar Einarsson, formaður. Stefán Richter, ritari. Hafliði J. Hafliðason, féhirðir.
(sign.) (sign.) (sign.)

Til skipulagsnefndar atvinnumála, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febr. 1935.

Ég hefi mótttekið bréf yðar frá 8. þ. m., ásamt meðfylgjandi erindi frá stjórn Skipa- og bátasmiðafélags Reykjavíkur, þar sem þeir fara þess á leit, að þeir fái tiltölulega sömu tollavernd fyrir iðngrein sína eins og húsgagnasmiðir.

Ég get ekki séð, að hér sé um réttlátan samanburð að ræða, þar sem í öðru tilfellinu er um vöru að ræða, sem oft má telja til lífsþæginda eða munaðar, en í hinu er bráðnauðsynlegt framleiðslutæki.

Næstum því allir þeir bátar, sem átt er við í þessu erindi, eru fiskibátar, sem eru notaðir til að keppa við útlenda framleiðslu á heimsmarkaðinum, bæði hvað verð og gæði snertir.

Tæki þau, sem íslenzkir fiskimenn nota við framleiðslu sína, mega því ekki vera hlutfallslega mikið dýrari en samskonar tæki, sem útlendir fiskimenn nota við framleiðslu samskonar vöru í samkeppni við okkur, nema það eigi að ganga yfir á hlut fiskimanna sjálfra, en hann er ekki nú orðið svo mikill, að aðrar stéttir þurfi að sjá ofsjónum yfir. Það má því á engan hátt íþyngja útgerðinni með því að hækka framleiðslutækin í verði, en það hlýti óhjákvæmilega að verða, ef slíkur verðtollur væri settur á innflutta báta.

Hvað því atriði viðvikur, að ýmislegt hafi orðið að kosta upp á nýja aðkeypta báta, svo að þeir gætu uppfyllt kröfur íslenzkrar skipaskoðunar, eins og skipasmiðirnir halda fram í bréfi sínu, þá mun slíkt hafa komið fyrir, en jafnan mun það hafa orðið svo smávægilegt, að það hefir ekki hleypt skipsverðinu mikið fram, enda er hægt að fyrirbyggja þá ágalla, með því að gera það að skilyrði við byggingu bátanna, að þeir séu byggðir undir Veritas eða Lloyds eftirliti og uppfylli að öðru leyti kröfur íslenzku skipaskoðunarinnar, enda mun slíkt oft gert nú orðið.

Ég skal að visu fúslega viðurkenna, að samkeppni íslenzkra skipasmiða við erlenda starfsbræður þeirra er erfið, og hlýtur svo ávallt að verða. Bæði er hér um unga og lítt æfða handverksmannastétt að ræða, sem skortir tilfinnanlega þau áhöld og æfingu, sem til þess heimtist að geta verið samkeppnisfærir, enda mjög óhægur aðgangur hér að heppilegum efnisbirgðum, svo að verkið geti unnizt á hagkvæman hátt, en það réttlætir ekki, að afkomu fjölmennrar sjómannastéttar sé fórnað til þess að geta bætt aðstöðu annarar fámennari stéttar.

Það er rétt hjá stjórn skipasmiðafélagsins, að lánskjör þau, sem þeir verða að sæta hjá ísl. lánsstofnunum, eru verri en erl. starfsbræður þeirra eiga við að búa, en ég álit, að þann aðstöðumun megi jafna með því að ríkisstjórn hlutaðist til um það við stjórn Fiskiveiðasjóðs, að lán til þeirra báta, sem smiðaðir eru hér á landi, væru látn ganga fyrir lánnum til þeirra háta, sem að eru keyptir, og enn fremur að íslenzkir skipasmiðir gætu úr sama sjóði fengið lán til bátanna strax og byrjað er á byggingu þeirra, og sé það útborgað eftir því sem smiðinni miðar áfram, eftir þar til settum reglum.

Ennfremur er það fyllilega réttmætt, að flutningsgjöld séu endurgreidd af því efni, sem notað er til smíði nýrra báta og skipa hér á landi.

Þó ívilnanir þessar séu ekki miklar, þá veга þær þó nokkuð á móti þeim aðstöðumun, sem er á milli erlendra og islenzkra skipasmiðastöðva, en farmgjöldin á efni til bátanna munu vera svipuð og kostnaðurinn við að sækja þá til annara landa.

Að þessu athuguðu get ég ekki lagt til, að neinn verðtollur eða aðflutnings-tollur sé lagður á aðkeypt skip eða báta, frekar en nú er.

Bréf Skipa- og bátasmiðafélags Reykjavíkur endursendist hér með.

Virðingarfyllst.

Kristján Bergsson
(sign.)

Til skipulagsnefndar atvinnumála.